

## Notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og interneti 2006

*Samantekt* Árið 2006 voru 84% heimila með tölvu og 83% gátu tengst interneti. Enn fjölgar í hópi nettengdra heimila sem nota ADSL, SDSL eða annars konar xDSL tengingu, en þeim hefur fjölgað úr 26% árið 2002 í 85% árið 2006. Heimili með börn yngri en 16 ára eru líklegri til að hafa ýmsan tæknibúnað heldur en heimili, þar sem allir heimilismenn eru 16 ára eða eldri. Þannig voru um 95% heimila með börn yngri en 16 ára með tölvu og internettengingu á móti um 78% heimila án barna sem höfðu tölvu og 75% heimila án barna sem gátu tengst interneti. Tekjur heimilis hafa áhrif á val á internettengingu því á meðan 64% nettengdra heimila með lægstu tekjurnar höfðu xDSL tengingu árið 2006 var hlutfallið 98% meðal nettengdra heimila með hæstu tekjurnar.

Tölvu- og internetnotkun einstaklinga er afar útbreidd á Íslandi. Þannig notuðu nærri níu af hverjum tíu Íslendingum á aldrinum 16–74 ára tölvu og internet árið 2006. Stöðugleiki er milli ára í tilgangi einstaklinga með notkun internets og líkt og fyrri ár var miðillinn helst notaður til samskipta og upplýsingaleitar. Enn fjölgar einstaklingum sem panta og kaupa vörur eða þjónustu um internet en árið 2006 höfðu 31% einstaklinga pantað eða keypt um internet.

Árið 2006 sögðust nær átta af hverjum tíu netnotendum nota internet til samskipta við opinbera aðila og því til viðbótar sögðust 8% netnotenda hafa áhuga á að nota internet til slíks. 13% netnotenda sögðust engan áhuga hafa á að nota internet til samskipta við opinbera aðila og var hlutfallið hæst meðal einstaklinga á aldrinum 65–74 ára eða 30% á meðan það lá á bilinu 7–17% meðal annarra aldurshópa.

Í samanburði við önnur lönd Evrópu er hlutfall heimila með tengingu við internet hvergi hærra en á Íslandi. Árið 2005 gátu að meðaltali 48% heimila í Evrópu-sambandslöndunum tengst interneti á meðan hlutfallið var 84% hér á landi. Sama ár notuðu átta af hverjum tíu Íslendingum internet a.m.k. einu sinni í viku á meðan 43% íbúa aðildarlanda Evrópusambandsins notuð internetið reglubundið. Minni munur er milli hópa eftir menntun og aldri hér á landi heldur en í aðildarlöndum Evrópusambandsins.

Hér á eftir verður fjallað um tæknibúnað á heimilum á Íslandi árið 2006 og tölvu- og internetnotkun einstaklinga. Skoðað er hvaða aðgerðir fólk hefur framkvæmt í tölvu og á interneti og í hvaða tilgangi það nýtir sér internetið. Samanburður er gerður á útbreiðslu internetnotkunar á Íslandi og í öðrum löndum.



## Inngangur

*Hlutverk svarenda* Hagstofa Íslands gerði í mars sl. fimmtu rannsókn sína á notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og interneti. Líkt og í fyrri rannsóknum voru viðmælendur annars vegar spurðir um tæknibúnað á heimili og hins vegar um þeirra eigin notkun á tölvu og interneti.

## Tæknibúnaður á heimilum

*Tæknibúnaður* Líkt og fyrri rannsóknir hafa sýnt eru nær öll heimili á Íslandi með sjónvarp (93%) og farsíma<sup>1</sup> (98%). Meirihluti heimila er með tölvu (84%) og tengingu við internet (83%). DVD spilari er á 81% heimila og 78% heimila hafa myndbandstæki. 47% heimila eru með stafrænt sjónvarp eða stafrænan myndlykil, 43% heimila eiga tónhlöður<sup>2</sup>, 38% eiga leikjatölvu og á 7% heimila er til lófatölva. Farsími með nettengingu er til á 38% heimila og á 60% heimila á Íslandi eru allir heimilismenn með sinn eigin farsíma (mynd 1).


*Tilvist barna gerir heimilin tæknivæddari*

Heimili með börn yngri en 16 ára eru líklegri til að hafa ýmsan tæknibúnað en heimili, þar sem allir heimilismenn eru 16 ára eða eldri. Þannig eru nær öll heimili með börn yngri en 16 ára með tölvu og internettengingu eða 94–95% á móti 75–78% barnlausra heimila. Myndbandstæki, DVD spilarar, tónhlöður og leikjatölvur eru einnig algengari á heimilum þar sem börn eru en árið 2006 voru 84% heimila með börn með myndbandstæki, 91% með DVD spilara, 65% með leikjatölvu og 61% með tónhlöðu á meðan 74% heimila án barna yngri en 16 ára höfðu myndbandstæki, 74% þeirra voru með DVD spilara, um fimmtungur átti leikjatölvu og 30% áttu tónhlöðu (mynd 1).

<sup>1</sup> Átt er við farsíma almenn, þ.e bæði með og án möguleika á tengingu við internetið.


<sup>2</sup> MP3, iPod o.þ.h. tæki sem notuð eru til að hlaða niður tónlist af interneti.

**Mynd 1. Upplýsingatæknibúnaður á heimilum eftir heimilisgerð 2006, hlutfall heimila**



*Hlutfall heimila með internettengingu hæst á Íslandi*

Í samanburði við önnur lönd Evrópu er hlutfall heimila með tengingu við internet hvergi hærra en á Íslandi. Árið 2005 gátu að meðaltali 48% heimila í Evrópu-sambandslöndunum tengst interneti á meðan hlutfallið var 84% hér á landi. Svipað hlutfall heimila í Hollandi, Danmörku og Svíþjóð var með tengingu við internet árið 2005 eða 73–78%. Um 60–65% heimila í Þýskalandi, Noregi, Lúxemborg og Bretlandi voru með tengingu við internet þetta sama ár. Árið 2005 var hlutfall nettengdra heimila lægst í Litháen, Tékklandi, Grikklandi, Ungverjalandi og Slóvakíu (mynd 2).


**Mynd 2. Nettengd heimili í Evrópu 2005, hlutfall heimila**

**Heimild:** Eurostat.

*Enn fjölga heimilum með hraðvirkar tengingar*

Íslensk heimili nota nær eingöngu upphringimódem, ISDN og xDSL<sup>1</sup> til að tengjast interneti. Tvær fyrrnefndu tengingarnar eru enn á undanhaldi og nú er svo komið að einungis 12% nettengdra heimila nota þessar tegundir tenginga. Í staðinn fjölga enn heimilum með xDSL tengingar. Frá fyrstu mælingu Hagstofunnar á notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og interneti hefur nettengdum heimilum með hraðvirkar tengingar fjölgað um 59 prósentustig eða úr 26% í 85% (mynd 3).

<sup>1</sup> xDSL verður hér eftir notað sem samnefni fyrir ADSL, SDSL eða annars konar xDSL tengingar.

**Mynd 3. Tegund internettengingar á heimilum 2002–2006**


**Skýringar:** Hlutfall nettengdra heimila.

*Aðrar tegundir tenginga áfar sjaldgæfar*

Aðrar tegundir tenginga svo sem um kapal eða farsíma eru sem áður mun sjaldgæfari, en árið 2006 tengdust einungis 2% nettengdra heimila interneti um kapal eða breiðband og hlutfall heimila sem notar *WAP* eða *GPRS* tengingar var vart mælanlegt (sjá nánar í töflu 3).

*Hraðvirkari tengingar algengari á höfuðborgarsvæðinu, á heimilum með börn og á tekjuhærri heimilum*

Algengara er að heimili á höfuðborgarsvæðinu (89%) noti xDSL tengingu en heimili á landsbyggðinni (77%). Hins vegar er algengara að heimili á landsbyggðinni (17%) noti módem eða ISDN til að tengjast interneti en heimili á höfuðborgarsvæðinu (9%). 89% nettengdra heimila með börn yngri en 16 ára nota xDSL tengingu og einungis 8% þeirra nota módem eða ISDN á móti 81% nettengdra heimila án barna yngri en 16 ára sem nota xDSL og 15% sem nota módem eða ISDN. Tekjur heimilis hafa áhrif á val internettengingar. Um 64% nettengdra heimila með lægstu tekjurnar eru með xDSL tengingu en hlutfallið er 98% í tekjuhæsta hópnum (mynd 4).

**Mynd 4. Tegund internettengingar á heimilum eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis 2006**

**Skýringar:** Hlutfall nettengdra heimila.


Ísland efst á lista OECD yfir fjölda breiðbandsáskrifenda

Í nýjum tölum yfir fjölda breiðbandsáskrifenda í OECD-löndum er Ísland efst á lista. Í desember árið 2005 voru 26,7 breiðbandsáskriftir á hverja 100 íbúa á Íslandi, mestmegnis xDSL áskriftir. Í Kóreu voru 25,4 breiðbandsáskriftir á hverja 100 íbúa og fjöldinn var svipaður í Hollandi og Danmörku. Finnland hafði 22,5 breiðbandsáskrifendur á hverja 100 íbúa, Noregur 21,9 og Svíþjóð 20,3. Að meðaltali voru 13,6 af hverjum 100 íbúum með áskrift að breiðbandi í OECD löndunum í lok árs 2005<sup>1</sup>.

Tæplega helmingur nettengdra heimila í ES notar hraðvirka tengingar

Árið 2005 höfðu þrjú af hverjum fjórum nettengdum heimilum hér á landi xDSL tengingu eða annars konar hraðvirka tengingu. Sama ár voru 81% nettengdra heimila í Belgíu og 77% nettengdra heimila í Eistlandi tengd háhraða tengingu. Að meðaltali voru 46% nettengdra heimila í aðildalöndum Evrópusambandsins með xDSL eða annars konar hraðvirka tengingu (mynd 5).

**Mynd 5. Evrópsk heimili með hraðvirka internettengingu 2005**



**Skýringar:** Hlutfall nettengdra heimila.  
(1) Tölur frá árinu 2004.

<sup>1</sup> Sjá nánar á: [http://www.oecd.org/document/39/0,2340,en\\_2649\\_37441\\_36459431\\_1\\_1\\_1\\_37441,00.html](http://www.oecd.org/document/39/0,2340,en_2649_37441_36459431_1_1_1_37441,00.html).

Á nær öllum heimilum er farið á internetið um tölvuna

Líkt og niðurstöður fyrri rannsókna Hagstofunnar hafa sýnt er langalgengast að tölvan sé notuð til að tengjast internetinu eða í 99% tilvika. Einstaka heimili notar fleiri en eitt tæki til að tengjast interneti (yfirlit 1).

### Yfirlit 1. Tæki notað til að tengjast interneti 2006


Hlutfall	Stafr.sjónv./					Annað/ veit ekki
	Tölva	Lófatölva	myndlykill	Farsími	Leikjatölva	
Alls	99	2	2	3	1	0

**Merking tákna:** 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er. Hlutfall nettengdra heimila.

Sumir vilja ekki internetið inn á heimilið

Um 39% þeirra heimila sem ekki hafa tengingu við internet segja internetið óáskillegt eða að þau hafi enga þörf fyrir það, um fimmtungur hefur aðgang annars staðar og svipað hlutfall sagði interneti vera of flókið fyrirbæri. Milli 10% og 14% þessara heimila settu kostnaðinn við tengingu eða tækjabúnað fyrir sig, 2% óttuðust um öryggi internets og á 2% heimila hamlaði líkamleg fötlun internetnotkun (mynd 6).

### Mynd 6. Ástæða þess að ekki er internettenging á heimili 2006



**Skýringar:** Hlutfall ónettengdra heimila.


### Tölvu- og internetnotkun einstaklinga

Næri níu af hverjum tíu eru tölvu- og internetnotendur

Notkun tölvu og internets er afar útbreidd meðal almennings á Íslandi. Þannig höfðu 90% aðspurðra notað tölvu stuttu fyrir framkvæmd rannsóknar árið 2006 og svipað hlutfall eða 88% notuðu internet á sama tímabili<sup>1</sup>. Nær allir einstaklingar á aldrinum 16–44 ára nota tölvu og internet eða 95–99%. Af einstaklingum á aldrinum 45–54 ára nota 91% tölvu og 89% internet, 84% einstaklinga á aldrinum 55–64 ára nota tölvu og 81% þeirra nota internet. Minnst er um tölvu- og internetnotendur í elsta aldurshópnum en 46% einstaklinga á aldrinum 65–74 ára nota tölvu og 38% þeirra nota internet (mynd 7).

<sup>1</sup> Notkun tölvu- eða internets á innan við þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar. Hér eftir verða þeir einstaklingar sem notuðu tölvu- eða internet á þessum tíma nefndir *tölvu- og internetnotendur*.

### Mynd 7. Tölvu- og internetnotkun einstaklinga eftir aldri 2006




Skýringar: Hlutfall heildarmannfjölda.

*Tölvu- og internetnotkun jafn algeng meðal kvenna og karla*

Nær enginn munur mælist milli kynja þegar kemur að tölvu- og internetnotkun. Þannig nota 90% karla og 89% kvenna tölvu og 89% karla og 87% kvenna nota internet. Nær allir einstaklingar yngri en 55 ára nota tölvu og internet eða meira en níu af hverjum tíu. Þrír af hverjum fjórum körlum á aldrinum 55-74 ára voru tölvu- og internetnotendur árið 2006 og er það nokkur hækkun frá árinu á undan þegar ríflega 60% karla á þessum aldri notuðu tölvu og internet. Engin breyting mælist hins vegar meðal kvenkyns jafnaldra þeirra milli ára en árið 2006 notuðu 62% kvenna á aldrinum 54-74 ára tölvu og 56% þeirra notuðu internet sem er sama hlutfall og árið 2005 (mynd 8).

### Mynd 8. Tölvu og internetnotkun einstaklinga eftir kyni og aldri 2006



Skýringar: Hlutfall heildarmannfjölda.


*Námsmenn og háskólamenntaðir nota helst tölvu og internet*

Algengara er að námsmenn og starfandi fólk noti tölvu og internet en aðrir. Þannig nota allir námsmenn tölvu og internet, af starfandi fólki nota 93% tölvu og 92% internet. Í atvinnuflokknum *Aðrir* (ellilífeyrisþegar, heimavinnandi án launaðrar vinnu, öryrkjar, bótaþegar og atvinnulausir) nota 58% tölvu og ríflega helmingur notar internet (mynd 9).



Nær allir einstaklingar með háskólapróf nota tölvu (99%) og internet (98%). Hlutfall tölvu- og internetnotenda meðal einstaklinga með stúdents- eða iðnskóla-próf er einnig mjög hátt en árið 2006 notuðu 92% þeirra tölvu og 91% þeirra internet. Sama gildir um einstaklinga með stystu skólagönguna en átta af hverjum tíu einstaklingum í þeim hópi nota tölvu og internet (mynd 9).

#### Mynd 9. Tölvu- og internetnotkun einstaklinga eftir menntun og atvinnu 2006




Skýringar: Hlutfall heildarmannfjölda.

*Stöðug fjölgun tölvu- og internetnotenda á fimm árum*

Þegar Hagstofan gerði sína fyrstu mælingu árið 2002 var notkun tölvu og internets afar útbreidd hér á landi. Þá notuðu um átta af hverjum tíu einstaklingum á aldrinum 16–74 ára tölvu- og internet. Þó svo breytingin frá fyrstu mælingu sé ekki ýkja mikil, þá hefur notendunum þó fjölgað jafnt á þessum árum. Núna fjórum árum síðar nota nærri níu af hverjum tíu einstaklingum á þessu aldursbili tölvu og internet (mynd 10).

#### Mynd 10. Tölvu- og internetnotkun einstaklinga 2002–2006



Skýringar: Hlutfall heildarmannfjölda.

*Níu af hverjum tíu nota tölvu og internet heima*

Árið 2006 sögðust 89% tölvunotenda hafa notað tölvu heima hjá sér, 58% notuðu tölvu á vinnustað, 24% í skóla og 36% höfðu notað tölvu annars staðar en að framan greinir. Skiptingin er svipuð þegar kemur að notkun internets en 89%

internetnotenda sögðust hafa notað internet heima hjá sér, 58% hafði notað það á vinnustað, einn af hverjum fimm notaði miðilinn í skóla og 33% notuðu internet annars staðar en að framan greinir (yfirlit 2).

## Yfirlit 2. Staðsetning tölvu- og internetnotkunar einstaklinga 2006


Hlutfall %	Heima	Í vinnu	Í skóla	Annars staðar
Tölvunotkun	89	58	24	36
Internetnotkun	89	58	25	33

Skýringar: Hlutfall tölvu- og internetnotenda.

*Flestir nota tölvuna á hverjum degi*

Nær allir tölvunotendur nota tölvu a.m.k. einu sinni í viku og flestir nota hana á hverjum degi eða 83%. Algengara er að höfuðborgarbúar (85%) noti tölvu daglega heldur en fólk sem búsett er á landsbyggðinni (77%). Ef tekið er mið af aldri viðmælanda er hlutfall þeirra sem nota tölvu daglega hæst meðal einstaklinga yngri en 35 ára eða 88%. Af einstaklingum á aldrinum 35–64 ára nota 77–82% tölvuna daglega en lægst er hlutfallið meðal þeirra sem elstir eru eða 60% (mynd 11).


## Mynd 11. Tíðni tölvunotkunar einstaklinga eftir kyni, aldri og búsetu 2006



Skýringar: Hlutfall tölvunotenda.

*Nær allir vafra á interneti í það minnsta einu sinni í viku*


Um og yfir níu af hverjum tíu netnotendum nota internet að minnsta kosti einu sinni í viku og meirihlutinn notar miðilinn daglega. Dagleg notkun er algengari meðal höfuðborgarbúa (83%) en íbúa landsbyggðarinnar (75%) og einnig er algengara að einstaklingar yngri en 45 ára noti internet á hverjum degi en þeir sem eldri eru. Ríflega fjórir af hverjum fimm einstaklingum á aldrinum 16–44 ára nota internet daglega, um 75% einstaklinga á aldrinum 45–64 ára vafra daglega um á interneti en sjaldgæfast er að einstaklingar eldri en 64 ára noti internet daglega eða um 65% (mynd 12).

**Mynd 12. Tíðni internetnotkunar einstaklinga eftir kyni, aldri og búsetu 2006**

**Skýringar:** Hlutfall netnotenda.

*Reglubundin notkun internets  
algengust á Íslandi*

Algengara er að íbúar norðvesturhluta Evrópu noti internet að staðaldri<sup>1</sup> en aðrir Evrópubúar. Árið 2005 notuðu að meðaltali 43% íbúa Evrópusambandsins internet að minnsta kosti einu sinni í viku. Það ár notuðu um þrjár af hverjum fjórum íbúum Danmerkur, Hollands, Noregs og Svíþjóðar internet að staðaldri. Reglubundin notkun internets var algengust hér á landi, en árið 2005 notuðu 81% Íslendinga á aldrinum 16-74 ára internet að minnsta kosti einu sinni í viku. Reglubundin internetnotkun var minnst meðal Grikkja eða 18% (mynd 13).

**Mynd 13. Reglubundin internetnotkun Evrópubúa 2005**

**Skýringar:** Hlutfall heildarmannfjölda.

**Heimild:** Eurostat.

<sup>1</sup> Með notkun að staðaldri er átt við að viðkomandi hafi notað internet að jafnaði a.m.k. einu sinni í viku á undangengnum þremur mánuðum.

Stafræn aðgreining minni hér á landi en í Evrópusambandinu


Á interneti má nálgast ógrynni upplýsinga um allt milli himins og jarðar. Hugtakið *stafræn aðgreining* (e. *Digital Divide*) vísar til þess bils sem myndast milli þeirra sem hafa tileinkað sér notkun upplýsingatækni og internets og þeirra sem engan aðgang hafa. Mælingar hafa sýnt að veigamestu áhrifabættirnir í notkun upplýsingatækni og internets eru aldur og menntun einstaklinganna. Yngra fólk og fólk með lengstu skólagönguna er mun líklegra til að hafa aðgang að upplýsingatækni og notfæra sér hana heldur en þeir sem eldri eru eða hafa styttri skólagöngu að baki.

Árið 2005 var að meðaltali 10 prósentustiga munur milli reglubundinnar internetnotkunar kynjanna í aðildarlöndum Evrópusambandsins. Mestur var munurinn í Lúxemborg eða 25 prósentustig<sup>1</sup>. Hér á landi var hann hins vegar einungis þrjú prósentustig en árið 2005 notuðu 82% íslenskra karla internetið að minnsta kosti einu sinni í viku á móti 79% kvenna (mynd 14).

Stafræn aðgreining með tilliti til aldurs er minni hér á landi en í Evrópusambandinu. Þannig var internetnotkun hér á landi þrisvar sinnum algengari meðal einstaklinga í yngsta aldurshópnum en þeim elsta árið 2005 en í Evrópusambandinu var tæplega sjö sinnum algengara að einstaklingar í yngsta aldurshópnum notuðu internet en þeir sem elstir voru (mynd 14).

Lengd skólagöngu einstaklinga hefur áhrif á notkun internets. Árið 2005 var reglubundin notkun internets minnst meðal þeirra sem stysta skólagöngu höfðu en mest meðal þeirra sem lokið höfðu háskólaprófi. Í löndum Evrópusambandsins notaði fjórði hver einstaklingur með stystu skólagönguna internet að staðaldri, rétt tæplega helmingur einstaklinga sem lokið höfðu stúdentsprófi eða iðnnámi og ríflega sjö af hverjum tíu einstaklingum með háskólapróf. Það ár notuðu sjö af hverjum tíu Íslendingum með stystu skólagönguna internet að staðaldri. Meðal einstaklinga með stúdents- eða iðnnám að baki var hlutfallið 82% og nær allir háskólamenntaðir Íslendingar notuð internet að minnsta kosti einu sinni í viku eða 96% (mynd 14).

#### Mynd 14. Reglubundin internetnotkun Íslendinga og íbúa ES eftir kyni, aldri og menntun 2005



**Skýringar:** Hlutfall heildarmannfjölda.

**Heimild:** Eurostat.

<sup>1</sup> Sjá nánar í töflu 11.


*Einn af hverjum tíu fer á internet um farsíma*

Þrátt fyrir að nær allir Íslendingar á aldrinum 16–74 ára hafi afnot af farsíma eða 97%<sup>1</sup> notar einungis einn af hverjum tíu netnotendum farsíma til að komast á internetið. Helst er það yngra fólkið sem notar þennan möguleika en árið 2006 höfðu 10–15% netnotenda yngri en 54 ára farið á internet um farsíma á meðan einungis 2% einstaklinga eldri en 54 ára notuðu þennan möguleika. Hlutfall þeirra sem fara á internet um lófátölvu er afar lágt eða rétt 2% (sjá nánar í töflu 13).

*Meirihluti Íslendinga með eigið tölvupóstfang*

Næstum átta af hverjum tíu Íslendingum á aldrinum 16–74 ára hafa sitt eigið tölvupóstfang ýmist heima, í skóla eða á vinnustað. Eðli máls samkvæmt er algengara að yngra fólkið hafi sitt eigið tölvupóstfang, enda er internetnotkun algengari meðal yngra fólks. Þannig höfðu á bilinu 84–90% einstaklinga yngri en 55 ára eigið tölvupóstfang árið 2006 á móti 62% karla og 47% kvenna á aldrinum 55–74 ára. Ef reiknað er hlutfall netnotenda með eigið tölvupóstfang er munurinn hins vegar lítill sem enginn milli hópa. Þannig voru á bilinu 84–91% netnotenda með eigið tölvupóstfang árið 2006 (mynd 15).

### Mynd 15. Einstaklingar með eigið tölvupóstfang eftir kyni og aldri 2006



*75% netnotenda hafa fengið sendan ruslpóst*

Þrír af hverjum fjórum netnotendum höfðu fengið sendan ruslpóst eða annan óumbeðinn fjölpóst á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar. Nokkru algengara er að einstaklingar yngri en 55 ára fái sendan ruslpóst en árið 2006 höfðu 73–83% netnotenda á aldrinum 16–54 fengið ruslpóstsendingar á móti 62–63% einstaklinga eldri en 54 ára (sjá nánar í töflu 15).

### Tilgangur internetnotkunar

*Netið helst notað til samskipta og upplýsingaleitar*


Notkun internets náði fljótt mikilli útbreiðslu hér á landi. Á þeim fimm árum sem Hagstofan hefur mælt notkun einstaklinga á upplýsingatækni og interneti hefur tilgangur notkunar lítið breyst<sup>2</sup>. Enn sem komið er nota einstaklingar miðilinn helst til að skiptast á tölvupóstsendingum, leita upplýsinga um vörur og þjónustu, blaðalesturs, viðskipta í heimabanka og í ferðatengdum tilgangi.

<sup>1</sup> Sjá nánar í töflu 12.

<sup>2</sup> Sem fyrr var spurt um tilgang internetnotkunar á sl. þremur mánuðum fyrir framkvæmd rannsóknar. Einungis er átt við einkanotkun ekki notkun í starfstengdum tilgangi.

<i>Þrír af hverjum fjórum lesa blöðin á interneti</i>	Árið 2006 sögðust 87% netnotenda nota internet til að senda og taka á móti tölvupósti og 86% notuðu miðilinn til að nálgast upplýsingar um vörur og þjónustu. Tæplega helmingur netnotenda leitaði upplýsinga um heilsu og heilbrigðismál á interneti árið 2006 og 76% lásu vefútgáfur dagblaða og tímarita (mynd 16).
<i>Fleiri sem nota internet í ferðatengdum tilgangi og stunda viðskipti í heimabanka árið 2006 en árið 2002</i>	Frá árinu 2002 hefur orðið aukning í ferðatengdri notkun internets og einnig hefur þeim fjölgað sem nýta sér internet til almennra bankaviðskipta. Árið 2006 notuðu 76% netnotenda internet til bankaviðskipta en árið 2002 var hlutfallið 58%. Ríflega helmingur netnotenda notaði internet til að pantast ferðir, gistingu eða í öðrum ferðatengdum tilgangi árið 2002. Fjórum árum síðar notuðu sjö af hverjum tíu netnotendum miðilinn í þessum tilgangi (mynd 16).
<i>Notkun internets fyrir símtöl, fjarfundi, spjallrásir, sjónvarp og útvarp eykst</i>	Um helmingur netnotenda fór inn á spjallrásir um internet árið 2006 sem er töluverð aukning frá því fyrir fjórum árum þegar 19% netnotenda nýttu sér spjallrásir og þess háttar til samskipta. Sama gildir um sjónvarp og útvarp en árið 2002 höfðu 17% netnotenda horft á sjónvarp eða hlustað á útvarp um internet. Árið 2006 var hlutfallið 48%. Fleiri nota internet fyrir símtöl og fjarfundi nú en fyrir fjórum árum. Þannig notuðu einungis 8% netnotenda internet fyrir símtöl eða fjarfundi árið 2002 en árið 2006 mældist hlutfallið 21% (mynd 16).
<i>Þriðji hver hleður niður hugbúnaði af interneti</i>	Einn af hverjum þremur netnotendum höfðu náð í hugbúnað af interneti árið 2006. Svipað hlutfall eða 38% netnotenda sóttu sér leiki, tónlist eða myndir af interneti sem er nokkuð svipað hlutfall og var árið 2002 (mynd 16).
<i>Fleiri kaupa og selja um internet árið 2006 en árið 2002</i>	Árið 2006 hafði einn af hverjum tíu netnotendum selt vöru eða þjónustu um internet sem er örlítið hærra hlutfall en árið 2002 þegar 7% netnotenda höfðu gert slíkt. Meiri fjölgun er meðal netnotenda sem kaupa vörur eða þjónustu um internet en árið 2006 höfðu 36% netnotenda keypt um internet á móti 22% árið 2002 (mynd 16).
<i>Fimmti hver leitar að vinnu um internet</i>	Árið 2006 höfðu 20% netnotenda notað miðilinn til að leita að vinnu eða senda inn atvinnuumsóknir á móti 15% árið 2002. Árið 2006 var hlutfall netnotenda sem höfðu stundað fjarnám eða sótt endurmenntunarnámskeið með aðstoð internets 17% á móti 10% árið 2002 (mynd 16).
<i>Svipað hlutfall netnotenda átti í samskiptum við opinbera aðila árið 2006 og árið 2002</i>	Árið 2006 höfðu 62% netnotenda leitað upplýsinga á vefsíðum opinberra aðila, 41% höfðu sótt sér opinber eyðublöð um internet og þriðji hver netnotandi hafði sent inn útfyllt eyðublöð til opinberra aðila um internet <sup>1</sup> . Þetta eru svipuð hlutföll og árið 2002 en þá höfðu 68% netnotenda leitað upplýsinga á vefsíðum opinberra aðila, 43% höfðu sótt sér opinber eyðublöð um internet og 33% höfðu sent inn útfyllt eyðublöð til opinberra aðila um internet (mynd 16).

<sup>1</sup> Úthringingum lauk áður en ríkisskattstjóri opnaði fyrir vefskil skattframtals.

**Mynd 16. Tilgangur internetnotkunar í eigin þágu 2002 og 2006**

**Skýringar:** Hlutfall internetnotenda. Spurt var um notkun í eigin þágu á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar.

(1) Tölur eru frá árinu 2003 í stað 2002.

(2) Þessi spurning var fyrst lögð fyrir árið 2005.

## Samskipti við opinbera aðila

*Nærri níu af hverjum tíu netnotendum hafa áhuga á að sinna opinberum erindum um internet*


Í áætlun Evrópusambandsins fyrir upplýsingasamfélagið 2010 er áhersla lögð á að efla samskipti einstaklinga við opinbera aðila um internet. Í rannsókn ársins 2006 var því leitast við að kanna hug fólks til þess að nota miðilinn fyrir opinber erindi sín. Árið 2006 sögðust nær átta af hverjum tíu netnotendum nota internet til samskipta við opinbera aðila og því til viðbótar sögðust 8% netnotenda hafa áhuga á að nota internet til slíks. Af netnotendum sögðust 13% engan áhuga hafa á að nota internet til samskipta við opinbera aðila og var hlutfallið hæst meðal einstaklinga á aldrinum 65–74 ára eða 30% á meðan það lá á bilinu 7–17% meðal einstaklinga í öðrum aldurshópum. Algengara er að karlar (83%) hafi einhvern tíma átt samskipti við hið opinbera um internet en konur (75%) og einnig er algengara að höfuðborgarbúar noti internet til samskipta við opinbera aðila heldur en netnotendur á landsbyggðinni eða 82% á móti 74% (mynd 17).

*Mestur áhugi meðal háskólamenntaðra*

Mestur áhugi á notkun internet til samskipta við opinbera aðila er meðal netnotenda með lengstu skólagönguna. Árið 2006 höfðu 94% einstaklinga með háskólapróf notað internet til að sinna opinberum erindum og einungis 3% háskólamenntaðra netnotenda sögðust engan áhuga hafa á að nota internet til samskipta við hið opinbera. Mikill meirihluti einstaklinga með stúdentspróf eða iðnnám að baki hafði átt í samskiptum við hið opinbera um internet eða 83%. Einn af hverjum tíu einstaklingum í þeim hópi sagðist ekki vilja nýta þennan möguleika

til að sinna opinberum erindum sínum. Hlutfall netnotenda sem höfðu átt samskipti við hið opinbera um internet var lægst meðal einstaklinga með stysta skólagöngu eða 64% og í þeim hópi var hlutfall einstaklinga sem engan áhuga hafði á að eiga samskipti við hið opinbera um internet hæst eða 22%. Þegar samskipti við opinbera aðila um internet eru skoðuð með tilliti til atvinnu viðkomandi er minni munur milli hópa. Þannig höfðu 80% starfandi aðila átt í slíkum samskiptum á móti 78% námsmanna og 73% einstaklinga í atvinnuflokknum *Aðrir* (mynd 17).

**Mynd 17. Samskipti einstaklinga við opinbera aðila um internet eftir kyni, aldri, búsetu, menntun og atvinnu 2006**



**Skýringar:** Hlutfall netnotenda.

*Mikill áhugi á nær öllum málaflokkum*


Þrjár af hverjum fjórum netnotendum vilja geta notað internet til að skila inn skattframtali<sup>1</sup>, við skráningu í framhalds- eða háskóla og til að tilkynna flutning á búferlum. Sjö af hverjum tíu nota netið til að skoða atvinnuáuglýsingar og leita í spjaldskrárm bókasafna. Tveir af hverjum þremur netnotendum vildu geta nýtt internet til að sækja um félagslegar bætur, vegabréf, ökuskríteini, byggingarleyfi eða vottorð eins og fæðingar- og hjúskaparvottorð og til að ný- eða umskrá bifreið. Af netnotendum vildu 58% getað afla sér upplýsinga um þjónustu heilbrigðis-

<sup>1</sup> Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra er um nú af hverjum tíu skattframtölum einstaklinga skilað inn á rafrænu formi, þar með talin skattframtöl frá endurskoðendum.



stofnana eða pantað tíma hjá meðferðaraðilum um internet og helmingur netnotenda gæti hugsað sér að senda lögreglu tilkynningu um internet (mynd 18).

**Mynd 18. Opinber þjónusta sem einstaklingar hafa notað eða hefðu áhuga á að nota um internet 2006**




**Skýringar:** Hlutfall netnotenda.

*17% vilja heldur mannleg samskipti en internetið*

Einstaklingar sem sýndu engan áhuga á að nota internet til samskipta við opinbera aðila voru spurðir um helstu ástæður þess. Af þeim sögðu 17% mannleg samskipti vanta og 15% fannst of flókið að nota internetið til samskipta við opinbera aðila. All nokkrir, eða 7% treysta ekki internetinu fyrir persónulegum gögnum, 6% sögðu bið eftir svári vera lengri um internet en annars og sama hlutfall gat ekki nálgast um internet þá opinberu þjónustu sem þörf var á. Einungis 2% sögðu tækja- og tengikostnað standa í vegi fyrir þessum möguleika. Flestir aðspurðra sögðu ástæðuna vera aðra en þær sem taldar voru upp eða 62% (mynd 19).

**Mynd 19. Ástæður þess að internet er ekki notað til samskipta við hið opinbera 2006**




**Skýringar:** Hlutfall netnotenda sem áttu ekki í samskiptum við opinbera aðila um internet.

## Rafræn verslun

*Hlutfall einstaklinga sem panta eða kaupa um internet vex stöðugt*

Frá því að Hagstofan hóf mælingar sínar hefur hlutfall einstaklinga á aldrinum 16–74 ára sem panta eða kaupa vörur eða þjónustu á rafrænan máta farið vaxandi. Árið 2002 höfðu 17% einstaklinga á þessum aldri pantað eða keypt vöru eða þjónustu um internet á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar. Fjórum árum síðar pantar nær þriðjungur Íslendinga á þessum aldri vörur eða þjónustu um internet (mynd 20).

### Mynd 20. Kaup um internet á síðastliðnum þremur mánuðum 2002–2006



**Skýringar:** Hlutfall heildarmannfjölda.


*Helst að einstaklingar á aldrinum 25–54 ára kaupi um internet*

Hlutfall einstaklinga sem keyptu rafrænt er hærra ef litið er til lengri tíma eða tólf mánaða í stað þriggja. Þannig hafði helmingur allra einstaklinga á aldrinum 16–74 ára notað internetið til innkaupa á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar árið 2006. Fleiri karlar en konur höfðu keypt um internet eða 55% karla á móti 45% kvenna. Fólki á aldrinum 25–55 ára er líklegra til að kaupa vörur og þjónustu um internet en aðrir. Þannig höfðu 60% karla og 55% kvenna í þeim aldurshópi keypt um internet á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar árið 2006 á móti 56% karla og 42% kvenna á aldrinum 16–24 ára og 39% karla og 21% kvenna á aldrinum 55–74 ára (mynd 21).

*Algengast að háskólamenntaðir kaupi um internet*

Árið 2006 voru kaup um internet nokkru algengari meðal einstaklinga með lengstu skólagönguna en 71% einstaklinga með háskólamenntun höfðu keypt um internet á tólf mánaða tímabili fyrir rannsókn. 51% einstaklinga með stúdentspróf eða iðnnám að baki og 36% einstaklinga með stystu skólagönguna höfðu pantað eða keypt um internet á þessu sama tímabili. Þegar kaup um internet eru skoðuð með tilliti til atvinnu viðkomandi er lítil munur milli starfandi og námsmanna en árið 2006 höfðu 55% starfandi og 50% námsmanna keypt um internet. Sjaldgæfast var að einstaklingar í atvinnuflokknum *Aðrir* hefðu pantað vörur eða þjónustu um internet á tólf mánaða tímabili fyrir rannsókn eða 22% (mynd 21).

**Mynd 21. Kaup um internet á síðastliðnum tólf mánuðum eftir kyni, aldri, menntun og atvinnu 2006**



**Skýringar:** Hlutfall heildarmannfjölda.


*Rafræn kaup einstaklinga í öðrum Evrópulöndum árið 2005*

Þó svo að notkun internets meðal Evrópubúa á aldrinum 16–74 ára sé útbreiddust hér á landi er ekki sömu sögu að segja af netviðskiptum. Árið 2005 pantaði ríflega fjórði hver Íslendingur vörur eða þjónustu um internet. Þetta sama ár pantaði hins vegar þriðji hver íbúi Bretlands, Lúxemborgar og Þýskalands um internet þrátt fyrir að þar noti töluvert færri internet að staðaldri eða á bilinu 54–63% á móti 81% hér á landi (sjá nánar í töflum 10 og 21).

*Mun minna um að íslenskir netnotendur kaupi um internet heldur en breskir og þýskir netnotendur*

Að meðaltali hafði þriðji hver netnotandi í aðildarlöndum Evrópusambandsins keypt vörur eða þjónustu um internet árið 2005. Algengast var að breskir (54%) og þýskir (50%) netnotendur hefðu keypt um internet það ár, því næst netnotendur í Svíþjóð (45%), Lúxemborg (45%), Finnlandi (45%) og Noregi (44%). Hlutfall írskra, austurrískra, íslenskra, og danskra netnotenda sem höfðu keypt um internet árið 2005 lá á bilinu 31–39% (mynd 22).

## Mynd 22. Kaup Evrópubúa um internet 2005



**Skýringar:** Hlutfall netnotenda.  
(1) Tölur frá árinu 2004.

**Heimild:** Eurostat, júní 2006 (<http://europa.eu.int/comm/eurostat>), Hagstofa Íslands og Nordic Information Society Statistics 2005.

*78% keyptu eitthvað ferðatengt árið 2006 á móti 33% árið 2002*

Líkt og fyrri rannsóknir hérlendis hafa sýnt er vinsælast að panta eitthvað ferðatengt svo sem farmiða eða gistingu um internet. Árið 2006 höfðu nærri átta af hverjum tíu einstaklingum pantað eitthvað ferðatengt sem er töluverð aukning frá árinu 2002 þegar þriðjungur aðspurðra höfðu gert slíkt. Aukning mælist einnig í kaupum á aðgöngumiðum en árið 2002 höfðu einungis 8% þeirra sem nýttu sér rafrænan verslunarmáta pantað slíkt um internet á móti 37% árið 2006. Lítil breyting er hins vegar á þessu tímabili á hlutfalli þeirra sem panta bækur, tímarit eða fjarkennslufni og tónlist eða kvikmyndir um internet. Árið 2002 höfðu 35% pantað bækur, tímarit eða fjarkennslufni og árið 2006 var hlutfallið 37%. Þriðjungur hafði pantað tónlist eða kvikmyndir um internet árið 2002 sem er svipað hlutfall og árið 2006 þegar 36% sögðust hafa gert slíkt (mynd 23).


*Þrír af hverjum tíu keyptu hugbúnað árið 2006 á móti 18% árið 2002*

Árið 2006 höfðu 29% einstaklinga pantað hugbúnað fyrir tölvur eða tölvuleiki á rafrænan máta sem er aukning frá árinu 2002 þegar hlutfallið var 18%. Fimmti hver pantaði hluti til heimilisins aðra en raftæki<sup>1</sup> árið 2006 á rafrænan máta, 14% pöntuðu raftæki eða myndavélar og tíundi hver pantaði tölvuvélbúnað eða prentara árið 2006 (mynd 23).

*Matarkaup um internet sjaldgæf*

Ríflega sjötti hver keypti happdrættismiða, Lottó eða annað slíkt á rafrænan máta árið 2006 sem er fjölgun frá árinu 2002 þegar 5% einstaklinga gerðu slíkt. 15% einstaklinga höfðu notað internet til að panta hlutabréf, tryggingar eða annað tengt fjármálum á rafrænan máta árið 2006 á móti 9% árið 2002. Sem fyrr er sjaldgæfast að fólk panti mat eða hreinlætisvörur um internetið, en árið 2006 höfðu einungis 4% aðspurðra gert slíkt á móti 10% árið 2002 (mynd 23).

### Mynd 23. Vörur og þjónusta keypt um internet 2002 og 2006



**Skýringar:** Hlutfall einstaklinga sem pöntuðu eða keyptu um internet á sl. tólf mánuðum.

*Karlar kaupa frekar vélbúnað, hugbúnað, tölvuleiki og raftæki*

Þó svo að á heildina litið sé enginn stór munur á vöruvali einstaklinga eftir kyni eru nokkrar vörur sem vert er að skoða nánar. Þannig virðast konur síður kaupa tölvuvélbúnað, hugbúnað og raftæki um internet heldur en karlar. Árið 2006 höfðu 16% karla en einungis 4% kvenna keypt vélbúnað eða prentara og 19% karla og 7% kvenna höfðu keypt raftæki eða myndavélar. Enn meiri munur er á kaupum kynjanna á hugbúnaði og tölvuleikjum, en árið 2006 höfðu fjórir af hverjum tíu körlum keypt hugbúnað eða tölvuleiki og er enginn munur milli aldurshópa. Hins vegar höfðu einungis 15% kvenna keypt hugbúnað eða tölvuleiki um internet á þessum sama tíma og eru slík kaup einna helst gerð af konum á aldrinum 25–54 ára (mynd 24).

*Fjórði hver kaupir föt, skó og íþróttavörur og þriðji hver bækur, tímarit og fjarkennsluefni*

Svipað hlutfall karla (24%) og kvenna (22%) kaupir föt, skó og íþróttavörur um internet. Slík kaup eru þó algengari meðal fólks yngra en 55 ára en 23–28% karla og kvenna á aldrinum 16–54 ára keyptu föt, skó eða íþróttavörur um internet á meða 8% karla og 10% kvenna á aldrinum 55–74 ára gerði slíkt. Jafnhátt hlutfall karla og kvenna kaupir bækur, tímarit og fjarkennsluefni um internet eða 37–38%. Einna helst er það aldurshópurinn 25–54 ára sem kaupir slíkar vörur en árið 2006


<sup>1</sup> Ekki var spurt um þetta atriði árið 2002.

pöntuðu 41% kvenna og 45% karla á þessum aldri sér bækur, tímarit eða fjarkennslufni á vefnum. Sama hlutfall karla og kvenna eldri en 55 ára keypti sér bækur og þess háttar um internet árið 2006 eða um 32%. Hlutfallið var lægst hjá einstaklingum yngri en 25 ára eða 21–22% (mynd 24).

*Algengast að konur yngri en 25 ára kaupi tónlist og kvikmyndir*

Árið 2006 hafði önnur hver kona á aldrinum 16–24 ára keypt tónlist eða kvikmyndir á rafrænan máta á meðan 41% karlkyns jafnaldra þeirra höfðu gert slíkt. Nokkru algengara er að karlar (38%) á aldrinum 25–54 ára kaupi tónlist eða kvikmyndir um internet heldur en konur (24%) og sama á við um fólk eldra en 54 ára en 22% karla á aldrinum 55–74 ára keyptu tónlist eða kvikmyndir um internet árið 2006 á móti 10% kvenna á sama aldri. Algengustu kaup einstaklinga á rafrænan máta eru kaup á farmiðum eða öðru ferðatengdu. Hlutfall þeirra sem pöntuðu farmiða, gistingu eða annað í þeim dúr var afar svipað meðal karla og kvenna eldri en 24 ára eða á bilinu 81–85%. Sjö af hverjum tíu konum á aldrinum 16–24 ára pöntuðu slíkt um internet árið 2006 en lægst var hlutfallið meðal karlkyns jafnaldra þeirra eða 54% (mynd 24).


Mynd 24. Vöruval eftir kyni og aldri 2006



**Skýringar:** Hlutfall einstaklinga sem pöntuðu eða keyptu um internet á sl. tólf mánuðum.

*Rafræn afgreiðsla ákveðinna vörutegunda eykst milli ára*

Einstaklingar sem keyptu tónlist, kvikmyndir, bækur, tímarit, fjarkennsluefni, hugbúnað eða tölvuleiki voru spurðir, hvort eitthvað af þessum vörum hefði verið afgreitt á rafrænan máta. Ríflega helmingur þeirra sem keyptu tónlist og kvikmyndir sögðu svo hafa verið. Af þeim sem keyptu bækur, tímarit eða fjarkennsluefni um internet höfðu 61% fengið vöruna afgreidda á rafrænan máta sem er aukning frá árinu 2005. Líkt og árið á undan var algengast að fá tölvuhugbúnað eða tölvuleiki afgreidda á rafrænan máta árið 2006. Þá fengu nærri níu af hverjum tíu sem keypt höfðu slíkt um internet vöruna afgreidda með rafrænum hætti á móti 75% árið 2005 (mynd 25).

**Mynd 25. Rafræn afgreiðsla ákveðinna vörutegunda 2005 og 2006**

**Skýringar:** Hlutfall einstaklinga sem keyptu þessar tilteknu vörur um internet á sl. tólf mánuðum.

#### Uppruni vöru

Þeir sem keyptu um internet á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar árið 2006 voru spurðir hvaðan þeir þekktu söluaðila eða þjónustuaðila vörunnar. Af þeim svöruðu 67% því svo til að söluaðilar væru þekktir utan internets, væru t.d. með hefðbundnar verslanir eða sölustaði. Ríflega helmingur eða 58% einstaklinga sem keyptu um internet árið 2006 sögðust hafa fundið söluaðilann við leit á interneti (sjá nánar í töflu 22).

#### Mikill meirihluti upplifir engin vandamál við kaup um internet


Meirihluti eða 88% einstaklinga sem keypt höfðu um internet á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar árið 2006 sögðu ferlið hafa gengið vandræðalaust fyrir sig. Einungis 4% höfðu fengið ranga, skemmda eða enga vöru senda heim, 2% sögðu afgreiðslutíma hafa verið lengri en upp var gefið, 1% töldu að öryggi við greiðslu hefði verið ábótavant og sama hlutfalli einstaklinga fannst erfitt að bera fram kvartanir og fá úrbætur mála. All nokkrir, eða 5% þeirra, sem keyptu um internet árið 2006 sögðust hafa upplifað annars konar vandamál en upp var talið (sjá nánar í töflu 23).

#### Af hverju kaupir fólk ekki um internet?

Um helmingur þeirra sem ekki hafði keypt um internet á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar árið 2006 sagðist ekki hafa neina þörf fyrir að kaupa vörur eða þjónustu á þennan máta. Þrír af hverjum tíu sögðu ástæðuna vera þá, að þeir vildu heldur fara á staðinn þar sem varan eða þjónustan væri í boði og svipað hlutfall sagðist ekki treysta internetinu fyrir persónulegum upplýsingum eða upplýsingum um reiknings- og kortanúmer sín. 13% sögðust ekki kunna að kaupa um internet, 12% sögðust ekki treysta því að fá rétta vöru senda og óttuðust að geta þá hvorki kvartað né skilað vörunni til baka. 7% höfðu ekkert nothæft greiðslukort til að stunda netviðskipti, 2% töldu afgreiðslutíma of langan og 1% nefndi að internetting heimilisins væri of hæg-virk til að hægt væri að stunda rafræn viðskipti. 13% aðspurðra sögðu aðrar ástæður liggja að baki en þær sem taldar voru upp (mynd 26).



## Mynd 26. Ástæður þess að ekki var keypt um internet 2006



**Skýringar:** Hlutfall einstaklinga sem hvorki pöntuðu né keyptu um internet á sl. tólf mánuðum.

## Rafræn kunnáttu einstaklinga

### Tölvukunnáttu einstaklinga

Þeir einstaklingar sem notuðu tölvu á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar voru spurðir um það, hverjar af eftirfarandi tölvutengdum aðgerðum þeir hefðu einhvern tímann framkvæmt:

- Tekið afrit af eða fært til skjala eða möppu
- Notað skipanirnar cut, copy eða paste til að fjölfalda eða færa til upplýsingar
- Notað Excel eða svipuð forrit til útreikninga
- Þjappað skrár t.d. með Winzip
- Tengt og sett upp prentara, módem eða annað þess háttar
- Búið til tölvuforrit


### Helmingurinn hefur þjappað skrár og 14% hafa búið til forrit

Ríflega fjórir af hverjum fimm, sem notuðu tölvu á tólf mánaða tímabili fyrir rannsókn, höfðu tekið afrit eða fært til skjala, möppu eða aðrar upplýsingar og sama hlutfall hafði notað skipanirnar *copy*, *cut* eða *paste* til að fjölfalda eða færa til upplýsingar í tölvu. Þrír af hverjum fjórum höfðu notað sérstök forrit til útreikninga eins og *Excel* og 64% höfðu tengt og sett upp prentara, módem eða önnur slík tæki. Nokkuð fækkar í hópnum þegar kemur að flóknari aðgerðum eins og þjöppun skráa og forritunarsmíð en helmingur tölvunotenda hafði prófað að þjappa skrár og 12% höfðu búið til tölvuforrit (mynd 27).

### Karlar frekar en konur í flóknu aðgerðunum

Lítið eitt algengara er að karlar (77%) hafi notað forrit til útreikninga en konur (74%). Munur milli kynja verður þó meiri þegar kemur að flóknari aðgerðum en árið 2006 höfðu 58% karla notað forrit til að þjappa skrár en 43% kvenna og 76% karla höfðu tengt og sett upp prentara, módem eða önnur slík tæki á móti 51% kvenna. Þá hafði fimmti hver karl búið til forrit á móti 5% kvenna (mynd 27).

### Mynd 27. Aðgerðir framkvæmdar í tölvu eftir kyni 2006



**Skýringar:** Hlutfall þeirra sem notuðu tölvu á síðastliðnum tólf mánuðum.

#### Aðgerðir tengdar interneti

Allir þeir einstaklingar sem höfðu notað internet á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar voru spurðir um það, hverjar af eftirfarandi nettengdum aðgerðum þeir hefðu einhvern tímann framkvæmt:

- Notað leitarvél til að finna upplýsingar
- Sent tölvupóst með viðhengi
- Sent efni inn á umræðuvefi eða spjallrásir
- Notað internetið fyrir símtöl
- Notað jafningjanet til að skiptast á tónlist, kvikmyndum o.þ.h.
- Búið til vefsíðu


#### Fleiri nota internet fyrir símtöl árið 2006 en árið 2005

Nær allir höfðu notað leitarvél til að finna upplýsingar og ríflega fjórir af hverjum fimm höfðu sent tölvupóst með viðhengi. Af aðspurðum höfðu 39% sent inn efni á umræðuvefi eða spjallrásir og 26% höfðu notað jafningjanet til að skiptast á tónlist, kvikmyndum eða öðru þess háttar. Þrír af hverjum tíu höfðu notað internet til að ná talsambandi við aðra sem er aukning frá árinu 2005 þegar hlutfallið var 20%. Sama hlutfall einstaklinga hafði smíðað vefsíðu árið 2006 og árið 2005 eða rétt tæplega þriðji hver (mynd 28).

#### Algengara að karlar noti spjallrásir og jafningjanet

Enginn munur er á notkun kynjanna á leitarvélum og sendingum tölvupósts með viðhengi. Fleiri karlar höfðu notað spjallrásir og umræðuvefi eða 42% karla á móti 37% kvenna. Þriðji hver karl hafði notað internet til að ná talsambandi við aðra á móti 28% kvenna og 32% karla höfðu skipst á tónlist o.fl. við aðra um jafningjanet á móti 20% kvenna. Árið 2006 hafði svipað hlutfall karla og kvenna sem notað höfðu internet á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar smíðað vefsíðu eða 31% karla og 32% kvenna (mynd 28).

### Mynd 28. Aðgerðir framkvæmdar á interneti eftir kyni 2006




**Skýringar:** Hlutfall þeirra sem notuðu internet á síðastliðnum tólf mánuðum.

*Algengast að langskólagengnir hafi einhvern tímann sótt tölvunámskeið*

